



Akureyrarbær

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 6. febrúar 2020
2020010637 / 01-615

Efni: Tillaga til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál - bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 6. febrúar 2020 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 30. janúar 2020 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál 2020.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 13. febrúar nk. á netfangið nefndasvið@althingi.is.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0064.html>

Bæjarráð Akureyrar tekur undir þingsályktunartillöguna og hvetur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að meta hvort og hvernig unnt sé að veita sveitarfélögum heimild til að innheimta umhverfisgjöld.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni

Góðan daginn

Á 900. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 6. febrúar 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi og þannig bókað

2001257 - Umsagnarbeiðni; þingsályktunartillaga um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld

Lagður fram tölvupóstur, dagsettur 30. janúar 2020, frá nefndasviði Alþingis. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggst gegn framkominni tillögu þar sem hún mun verða íþyngjandi fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Bjarni Jónsson (Vg og óháð) óskar bókað að hann standi ekki að umsögninni.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs

Kristín



Sveitarfélagið Skagafjörður

Kristín Jónsdóttir

Skjalastjóri

455 6009

kristin@skagafjordur.is